

8. gr.

Nú telur sjóðstjórnin ekki ástæðu til að úthluta verðlaunum, eða úthluta styrkjum úr sjóðnum eitthvert ár, og skal henni þá heimilt að ákveða, að féð skuli geymast til úthlutunar þar til síðar, ella skal það lagt við höfuðstólinn.

93

26. júlí

9. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og færir í hana fundargerðir og ályktanir, svo og reikningabók, sem í eru færðir allir reikningar sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur sjóðsins fylgja hreppsreikningi til endurskoðunar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

94

26. júlí

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 1. töluliðar 3. gr. bætist: Akraneskaupstaður E, Ólafsfjarðar-kaupstaður Ó.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23, 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

95

26. júlí

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Húsavíkur er fyrirtæki, sem Húsavíkurhreppur starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um Húsavíkurkaupþún og grennd og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Húsavíkurhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Húsavíkur og hafa sérstakt reikningshald.